



Efni: Umsögn Matthildar, samtaka um skaðaminnkun um drög að aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025 - 2028.

Matthildur, samtök um skaðaminnkun (Matthildarsamtökin) voru stofnuð árið 2022 og hafa þann tilgang að vinna að framgangi skaðaminnkandi inngripa og úrræða á Íslandi og standa vörð um mannréttindi fólks sem notar vímuefni, einkum fólks sem glímur við heimilisleysi og jaðarsetningu. Þar að auki stuðla samtökin að samstarfi við skaðaminnkunarsamtök á alþjóðavísu.

Matthildarsamtökin fagna umræddri aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi og telja hana mikilvæga. Samtökin vilja koma á framfæri mikilvægi þess að hugað verði að ofbeldi gegn konum og kvár sem glíma við vímuefnavanda og fólki sem er heimilislaut í borgarsamfélaginu.

Innan fræðanna er vel þekkt að þessir hópar verða reglulega fyrir margskonar tegundum af ofbeldi og eru útsettari fyrir slíku vegna afar viðkvæmar stöðu og jaðarsetningar. Sem dæmi eru konur sem glíma við vímuefnavanda, fimm sinnum líklegri til að verða fyrir ofbeldi, miðað við konur sem nota ekki vímuefni, samkvæmt Sameinuðu þjóðunum. Þar að auki eiga einstaklingar sem glíma við vímuefnavanda og/eða heimilisleysi oft mikla og þunga áfallasögu að baki.

Stofnanir á borð við Vímuefnastofnun Evrópu (EUDA), Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusamtök félagasamtaka sem vinna með heimilisláusu fólk (FEANTSA) leggja áherslu á að lönd og borgir vinni markvisst að því að draga úr ofbeldi gegn fólki sem glímur við vímuefnavanda og/eða heimilisleysi, sérstaklega konum.

Í inngangi aðgerðaáætlunar kemur fram að áætlunin hafi verið unnin í samvinnu við fjölmarga aðila inna Reykjavíkurborgar. Matthildarsamtökin vilja hvetja Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar til að koma á samvinnu við málaflokk heimilisláusra með miklar og flóknar þjónustufarir og Rótina sem rekur neyðarskýlið Konukot með samningi við Reykjavíkurborg. Þessir aðilar búa yfir mikilli þekkingu á því ofbeldi sem konur og kvár með vímuefnavanda og fólk sem er heimilislaut verður fyrir, ásamt því að þekkja vel til ofbeldisvarna.

Matthildarsamtökin vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum um einstaka aðgerðir í áætluninni:

Aðgerð 21:

- Mikilvægt er að taka fram að fólk sem glímir við vímuefnavanda er í mikilli áhættu á að verða fyrir ofbeldi og er í hópi þeirra sem búa við mestu áhættuna. Einnig mætti fjalla um í fræðslu um sérstöðu hópsins; líkt og erfiðrar félagslegrar stöðu og ólíkar stuðningsþarfir.

Aðgerð 22:

- Hér er mikilvægt að huga að öruggum gististað og viðeigandi stuðningi fyrir brotþola sem glíma við vímuefnavanda. Kvennaathvarfið tekur ekki á móti konum sem glíma við vímuefnavanda og er starfsemi Konukots þess eðlis að ekki er hægt að tryggja öryggi og stuðning við brotþola.
- Samtökin vilja koma á framfæri mikilvægi þess að auka svigrúm fyrir greiðslu á gistiheimili fyrir brotþola í þessum viðkvæmu aðstæðum, til að tryggja að brotþoli fái öruggan gististað. Jafnframt að huga að forgangi í félagslegt húsnæði sé brotþoli á bið eftir slíku.

Aðgerð 24:

- Samtökin vilja leggja til að hugað verði sérstaklega að málum kvenna og kvár sem glíma við vímuefnavanda og/eða heimilisleysi úr málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónusturþarfir.

Matthildarsamtökin vilja leggja til tillögu að aðgerð í aðgerðaráætluninni:

Settur verði á fót starfshópur hjá Reykjavíkurborg til að skoða hvernig hægt er að draga úr ofbeldi gegnum konum og kvár sem glíma við vímuefnavanda og fólki sem er heimilislaust.

Markmið: Að innleiða leiðir og aðgerðir til að draga úr ofbeldi gegn þessum hópum.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Saman gegn ofbeldi.

Tímarammi/staða: 2025

Kostnaður: Vinnuframlag þeirra sem koma að vinnunni

F.h. Matthildar, samtaka um skaðaminnkun

Svala Jóhannesdóttir, formaður

Heimildir

United Nations Office on Drugs and Crime. 2023. Addressing gender-based violence against women and people of diverse gender identity and expression who use drugs.

- https://www.unodc.org/documents/hiv-aids/2023/2314425E_eBook.pdf

European Union Drugs Agency. 2023. Women and drugs: health and social responses:

- https://www.euda.europa.eu/sites/default/files/pdf/14980_en.pdf?903185

European Federation of National Organisations working with the Homeless. (e.d.). The links between violence against women and homelessness.

- https://www.feantsa.org/download/vaw_background_paper_final507550159640577037.pdf